

Nd.

**292. Frumvarp til laga**

[146. mál]

um viðauka við lög nr. 94 19. júní 1933 um tékka.

(Lagt fyrir Alþingi á 98. löggjafarþingi 1976—77.)

**1. gr.**

**Fjórtándi kapituli — Refsiákvæði**

**73. gr.**

Refsa skal með sektum eða allt að 3 mánaða fangelsi, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum hegningarlögum, þeim:

- a) sem gefur út tékka án þess að innstæða sé fullnægjandi á reikningi hans hjá greiðslubankanum, sbr. 4. gr., eða
- b) sem án sérstakrar ástæðu afturkallar tékka eða ráðstafar innstæðu og hindrar á þann hátt, að tékki, sem hann hefur þegar gefið út, greiðist við sýningu innan sýningarfrestsins, sbr. 29. gr.

Krafa um opinbera ákæru skal borin fram af handhafa tékka, sem ekki hefur fengið hann greiddan vegna ófullnægjandi innstæðu eða vegna þess að tékkinn hefur verið afturkallaður, eða af ábyrgðarmanni, sem af greindum ástæðum hefur leyst til sín tékka eða á yfir höfði sér að leysa til sín tékka, eða af greiðslubanka, sem hefur innleyst tékka án fullnægjandi innstæðu.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Frumvarp þetta til breytinga á lögum nr. 94/1933 um tékka er flutt að tillögu nefndar, sem starfað hefur á vegum bankanna og ráðuneytanna frá því á síðastliðnum vetri að því verkefni að gera tillögur um breytta og bætta skipan tékkaviðskipta og markvissar aðhaldsaðgerðir til að sporna sem mest við misnotkun tékka.

Núgildandi tékkalög frá árinu 1933 hafa aldrei haft að geyma refsíákvæði, eins og t. d. sambærileg lög í Noregi. Hér á landi hefur verið refsað fyrir tékkamisferli eftir 248. gr. alm. hgl., þegar auðgunartilgangur hefur verið sannaður, annars eftir 261. gr. alm. hgl.

Nefndinni þótti rétt að gera það að tillögu sinni, að lögfest yrðu refsíákvæði, sem tengd yrðu sjálfum tékkalögum. Það er álit nefndarinnar, að frumvarp þetta, verði það að lögum, verði til þess að sporna við misnotkun tékka og auðveldi dómstólum að koma lögum yfir þá, sem gerast brotlegir með því að gefa út innstæðulausa tékka.

Fyrirmynd þessa frumvarps er 66. gr. norsku tékkalaganna. Refsirammi þessa sérrefsilagaákvæðis er nokkuð þröngur, hámarksrefsing 3 mánaða fangelsi, en gert er ráð fyrir, að beitt verði ákvæðum alm. hgl., ef þyngri refsing liggur við broti. Þrenns konar tilvik geta leitt til áfellisdóms samkvæmt frumvarpi þessu:

- 1) útgáfa innstæðulauss tékka,
- 2) afturköllun þegar útgefins tékka án sérstakrar ástæðu, og
- 3) ráðstöfun á innstæðu, sem hindrar greiðslu þegar útgefins tékka, þ. e. leiðir til þess að innstæða sé ekki næg við sýningu.

Eins og að framan getur er frumvarp þetta flutt að tillögu nefndar um tékkamál, er starfaði á vegum bankanna og dómsmálaráðuneytis og viðskiptaráðuneytis á árinu 1976, og er frumvarp þetta aðeins einn þáttur í endurskoðun tékkamála. Aðrir þættir þessa máls snúa að aðhaldsaðgerðum og fyrirbyggjandi aðgerðum innan bankakerfisins, einnig víðtækari upplýsingastarfsemi, sem beint er til nýrra og gamalla tékkareikningshafa.